

Íslenskur iðnaður

SI

12. tbl. 12. árg.

Fréttablað Samtaka iðnaðarins

Desember 2006



*Samtök iðnaðarins óska félagsmönnum sínum
og öðrum lesendum gleðilegra jóla, árs og friðar*

bls. 2



*Virðisaukaskattur
og útvistun
verkefna*

bls. 3



*Gæðastjórar
hæddir og
hunsaðir*

bls. 6-7



*„Megum ekki
festast í gettói
hugarfarsins“*

bls. 8 - 9



*Er sátt í
sjónmáli?*

bls. 10



*Velheppnuð
ráðstefna
XPLOr á
Íslandi*

Virðisaukaskattur og útvistun verkefna



Í júní á þessu ári samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu fjármálaráðherra, stefnu um kaup ríkisins og stofnana þess á þjónustu og útvistun á ýmsum rekstrarþáttum sem ríkið hefur með höndum.

Risinn á markaðinum

Kaup ríkisins á vörum og þjónustu eru talin vera um 90 milljarðar króna á ári. Það svarar til um 58% af útgjöldum ríkissjóðs vegna rekstrar og fjárfestinga. Það fer ekki á milli mála að ríkið er langstærsti innkaupaaðili á markaði og er þannig í lykilstöðu til að efla samkeppni og skapa ný viðskiptatækifæri á frjálsum markaði.

Útvistunarstefnan

Með nýju Útvistunarstefnunni er ákveðið að ráðuneytin skuli fyrir árslok 2006 marka sér stefnu um aukna útvistun verkefna. Í þessu felst m.a. að ráðuneyti og ríkisstofnanir eiga að setja fram forgangsröðun og tímaáætlun fyrir útvistun þeirrar þjónustu og rekstrarverkefna sem ríkið annast nú þegar og um ný verkefni. Í stefnunni felst einnig að sett verða fram mælanleg markmið og gerð verður árleg úttekt á vegum fjármálaráðuneytisins á framgangi stefnunnar.

Til mikils að vinna

Markmiðið er að innkaup vöru og þjónustu af útgjöldum

Sveinn Hannesson

framkvæmdastjóri



ríkisins, án tilfærslna og vaxtagjalda, aukist um 2% á ári og hlutfall sömu þátta sem ríkið hefur sjálft með höndum lækki samsvarandi. Markmiðið er að með útvistun nái ríkið 400 millj. kr. ávinningi árlega á árunum 2007-2010, samtals 1.600 millj. kr. sem ríkisstofnunum er ætlað að nýta til bættrar þjónustu.

Rökrétt stefna

Stefnan, sem hér er mótuð, er í senn hagkvæm og rökrétt. Hún er algerlega í samræmi við innkaupastefnu ríkisins frá árinu 2002 en þar segir meðal annars:

„Eðlileg krafa til ríkisstofnana er að skoðað sé með reglulegum og skipulegum hætti hvort verkefni séu leyst með hagkvæmari hætti innan stofnunar en með því að kaupa þjónustuna á almennum markaði.“

Alvarleg hindrun

Því miður er það svo að þarna stendur oft hnífurinn í kúnni. Það er nefnilega ekki rétt gefið. Gildandi reglur um virðisaukaskatt og framkvæmd þeirra standa í vegi fyrir því að opinberir aðilar geti nýtt til fulls tækifæri til hagkvæmra innkaupa á almennum markaði. Hindra beinlínis jafnræði og samkeppni á markaði.

Vandinn er sá að ýmiss konar vörukaup og þjónusta, sem einkaaðilar bjóða og opinberir aðilar kaupa til starfsemi sinnar, uppfylla ekki skilyrði um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hann verður því að kostnaðarauka hjá þessum ríkisstofnunum og fyrirtækjum.

Gagnvart einkaaðilum jafngildir þetta því að opinber fyrirtæki og stofnanir, sem byggja upp eigin þjónustu á þessum sviðum, búi við 24,5% tollvernd.

Forsenda útvistunar

Afstaða atvinnulífsins er skýr: Það á ekki að stýra því með virðisaukaskatti hvaða vörur og þjónustu einkaaðilar geta boðið opinberum aðilum. Samtökin hafa lagt til að allur greiddur virðisaukaskattur verði endurgreiddur ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum en fjárframlög til þeirra lækkuð að sama skapi. Eftir stendur þá hjá þeim það hagræði að gera eigin innkaup með sem hagkvæmustum hætti. Þessi breyting er alger forsenda þess að útvistunarstefnan góða verði að veruleika.

Gæðastjórar hæddir og hunsaðir!

Umræða um nauðsyn og gagnsemi gæðastjórnunar virðist vera að ná eyrum æ fleiri stjórnenda. Oftar en ekki eru gerðar kröfur um gæðatryggingu í útboðsgögnum þegar um verklegar framkvæmdir er að ræða. Í gr. 120 í byggingarreglugerð er þess krafist að þeir, sem framleiða byggingavörur, fái framleiðslu sína CE merkta eða vottaða.

Mörgum stjórnendum virðist vaxa mjög í augum að innleiða gæðastjórnun og þeir hafa tilhneigingu til að mikla fyrir sér vinnuna sem því fylgir. Í mörgum tilvikum tilnefna þeir einn af starfsmönnum sínum til að annast verkið og vilja lítið af því vita sjálfir.

Spennandi hlutverk

Þá færast í vöxt að stjórnendur ráði til starfa sérstakan starfsmann til að annast þetta starf. Hlutverkinu fylgir oftast hið glæsilega starfsheiti „gæðastjóri.“

Dæmigert hlutskipti „gæðastjóra“ er að setja sig inn í verkefnið og gera beinagrind af gæðakerfinu. Hann fyllist af eldmóði í nýju og spennandi hlutverki.

Næsta skref hans er að skilgreina t.d. ábyrgð stjórnenda, semja starfslýsingar, skrifa verklagsreglur og vinnulýsingar til að hægt sé að skerpa á verklagi og þjálfa starfsfólk til markvissra og fyrirfram ákveðinna vinnubragða.

Gamanið kárnar

Strax á þessu stigi fara oft að renna tvær grímur á „gæðastjóranum.“ Stjórnendur hafa „engan tíma“ og sýna lítinn áhuga á að taka þátt í starfinu!

„Gæðastjórin“ reynir þá að klóra í bakkann og vinna hlutina út frá eigin brjóstviti. Hann les kröfur og staðla, útbýr verklagsreglur um frábrigði, þjálfun starfsmanna, rekjanleika vöru, aukaverk og breytingar svo að nokkuð sé nefnt. Hann reynir að fá millistjórnendur til að innleiða tiltekið verklag í samræmi við kröfur og staðla. Á þessu stigi eru mörg dæmi um að þá renni þriðja og fjórða gríman á „gæðastjóranum“ því að millistjórnendur „hafa hvorki tíma“ né áhuga á að taka þátt í starfinu.

Því er borið við að mikið sé að gera. Það þarf að redda svo mörgu og svo margir sem spyrja, kvabba og kvarta. Það er enginn tími fyrir eitthvert pappírskjaftæði.



Á þessu stigi eru mörg dæmi um að þá renni þriðja og fjórða gríman á „gæðastjóranum“ því að millistjórnendur „hafa hvorki tíma“ né áhuga á að taka þátt í starfinu.

Þegar hér er komið sögu er „gæðastjóranum“ farinn að renna móðurinn. Hann hefur á tilfinningunni að yfirmenn hunsi hann og undirmenn hæðist að honum.

Hver stjórnar?

Stjórnendur trúa því æði oft að hægt sé að byggja upp og innleiða gæðastjórnun án þess að taka sjálfir þátt í ferlinu.

En er það hægt? Gæðakerfið er tauga-kerfi stjórnandans. Það er farvegur fyrir-mæla hans til starfsmanna. Ennfremur á gæðakerfið að staðfesta að starfsmenn hafi unnið eins og stjórnendur hafa ákveðið og reglur og staðlar segja til um.

Ef framkvæmdastjórninn hefur ekki algjört frumkvæði að uppbyggingu og innleiðingu gæðastjórnunar og sinnir jafnframt hlutverki gæðastjóra eru allar líkur á að verkefnið mistakist. Vilji hinsvegar svo ólíklega til að „gæðastjóranum“ tak-

ist innleiðingin upp á eigin spýtur þá ráða hans hugmyndir ferðinni í rekstri fyrirtækisins en ekki hugmyndir framkvæmdastjórans. Þá er spurning hvort starfsheiti hans er ekki komið á milli gæsalappa eins og ég hef valið að gera með gæðastjóranum í þessari grein.

Vilji er allt sem þarf

Að útbúa gæðakerfi og innleiða gæðastjórnun er ekki eins mikið mál og margir vilja vera láta. Þar sem hlutirnir eru á annað borð í lagi lýsir gæðakerfi vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð í mörg ár og kjarni starfsmanna viðkomandi fyrirtækis þekkir. Þar sem vantar upp á gott verklag þarf að koma til umbóta sem stjórnandi þarf að leiða eða leggja blessun sína yfir. Stjórnandi, sem hefur skoðun á því hvernig hann vill láta vinna hlutina, á ekki að eiga erfitt með að lýsa því ferli á blaði.

Í fæstum tilvikum þarf slík lýsing að vera lengri en kemst fyrir á einu A4 blaði. Vinnunni á að dreifa á þá sem þekkja best til á hverju sviði. Framkvæmdastjórninn á að stýra vinnunni og leggja að lokum blessun sína yfir verklagið sem ákveðið hefur verið og fylgist með að unnið sé eins og fyrir var lagt.

Ef fyrirtækið er stórt og verkið yfirgripsmikið getur framkvæmdastjórninn ráðið gæðastjóra til að sinna skrifinnsku, umhaldi og uppfærslu á kerfinu, úttektir, umsjón með eftirfylgni og fleira. En hann getur aldrei, sem æðsti stjórnandi, varpað frumkvæðinu og ábyrgðinni yfir á annan.

Góð ráð og leiðbeiningar

Á lokuðu vefsetri Samtaka iðnaðarinn er að finna upplýsingar, leiðbeiningar og góð ráð fyrir þá félagsmenn SI sem stefna að uppbyggingu gæðakerfis og innleiðingu gæðastjórnunar og ekki síður þá sem hafa sprungið á limminu og hafa hug á að taka þráðinn upp að nýju.

Slóðin er: www.si.is/verklag/innleiðing/index.htm

Þeir félagsmenn SI, sem hafa áhuga á að komast inn á síðuna, þurfa að hringja 591-0127 eða senda tölvupóst til ferdinandi@si.is og óska eftir notendanafni og kenniorði. Það er allt og sumt.

Ferdinand Hansen

Ljósmyndarar vinna mál gegn ríkinu

Hinn 24. nóvember sl. var í Héraðsdómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í máli Ljósmyndarafélags Íslands (LÍ) gegn Íslenska ríkinu. Var viðurkennt að ljósmyndurum með iðnréttindi og nemendum í ljósmyndun væri einum heimilt að taka ljósmyndir í vegabréf hjá sýslumönnum og lögreglustjóra.

Forsaga málsins er sú að fyrr á þessu ári var breytt þeim reglum sem giltu um útgáfu vegabréfa fyrir tilstuðlan dómsmálaráðuneytisins. Hófst útgáfa á nýjum íslenskum vegabréfum með örgjörva sem geymir sömu upplýsingar og voru sjáanlegar í vegabréfinu. Tilgangur hinna breyttu reglna mun m.a. hafa verið sá að laga íslenskar reglur að alþjóðlegum skuldbindingum vegna Schengen samstarfsins auk þess að fullnægja kröfum sem gerðar voru af hálfu ríkisstjórnar

Bandaríkjanna til vegabréfa þeirra sem þangað vilja leggja leið sína.

Allt frá því að útgáfa vegabréfa hófst hér á landi hafa ljósmyndarar tekið ljósmyndir í vegabréf (passamyndir) og hafa haft af því verulegar tekjur. Á afgreiðslustöðum vegabréfa, þ.e. hjá sýslumönnum og lögreglustjórum um allt land, hefur verið komið upp myndavélum. Umsækjendum um vegabréf er boðið að starfsmenn embættanna taki af þeim mynd sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til myndanna. Myndin er tekin án sérstaks endurgjalds og þannig innifalin í venjulegu verði vegabréfa sem er 5.100 krónur

Með hinum nýju reglum um útgáfu vegabréfa hefur orðið gerbreyting á töku ljósmynda í vegabréfin en það hefur haft þær afleiðingar fyrir ljósmyndara að




passamyndataka þeirra hefur nánast lagst af.

Þar sem ljósmyndun er löggilt iðngrein höfðaði LÍ mál gegn Íslenska ríkinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og krafðist þess að viðurkennt yrði að, auk þeirra sem taka myndir í eigin vegabréf, væri ljósmyndurum einum heimilt að taka ljósmyndir í íslensk vegabréf. Þá gerði félagið einnig þær kröfur að viðurkennt yrði að óheimilt væri að haga gjaldtöku við útgáfu íslenskra vegabréfa þannig að myndataka væri innifalin í kostnaði sækjanda vegna útgáfu vegabréfs.

Héraðsdómur féllst á fyrri kröfu LÍ. Í forsendum héraðsdóms fyrir þeirri niðurstöðu sinni segir að útgáfa vegabréfa sé hluti af verkefnum sem stjórnvöldum séu falin með lögum. Vinnsla þeirra sé því í atvinnuskyni í skilningi 1. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978. Samkvæmt því yrði að fallast á að þegar teknar eru ljósmyndir til notkunar við útgáfuna skuli það gert undir stjórn meistara í ljósmyndun og yfirleitt af meistara, sveini eða nemanda í ljósmyndaiðn, sbr. 8. gr. laganna og 1. gr. reglugerðar nr. 940/1999. Skipti ekki máli í þessu sambandi þótt sú ljósmynd yrði ekki nýtt til neinna annarra nota. Héraðsdómur hafnaði hins vegar seinni kröfu LÍ um tilhögun gjaldtöku fyrir vegabréf.

Íslenska ríkið mun að öllum líkindum áfrýja niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar.

Sigurður B. Halldórsson



Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentstað íslenskra bóka sem birtust í Bókatiðningum Félags íslenskra bókaútgefenda 2006.

Könnunin sýnir að hlutfall prentunar innanlands hefur minnkað um 5,5% milli ára.

Alcan á Íslandi hlaut starfsmenntaverðlaunin 2006



Acan á Íslandi hlaut nýlega Starfsmenntaverðlaunin 2006 í flokki fyrir-tækja. Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Rannveigu Rist, forstjóra, verðlaunin að viðstöddu fjölmenni í Húsi atvinnulífsins. Þetta er í annað sinn á sex árum sem Starfsmenntaverðlaunin koma í hlut Alcans á Íslandi.

Rannveig sagðist vera stolt af þeim mikla heiðri sem starfsmönnum og fyrir-tækinu væri sýndur með verðlaununum.

Starfsmenntaverðlaunin hlýtur Alcan fyrir starfsemi Stóriðjuskólans en hann

hefur frá árinu 1998 gegnt lykilhlutverki í rekstrinum og ítrekað sannað gildi sitt.

Rannveig nefndi að áhrif skólans sæj-ust í þeim árangri sem náðist á liðnu sumri eftir að alvarleg rafmagnsbilun olli rekstrarstöðvun í kerskála þrjú.

Með ótrúlegum hætti tókst að koma kerskálunum aftur í gang tveimur mán-udum fyrr en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Rannveig sagðist vera þeirrar skoðunar að tilvist Stóriðjuskólans hefði þar skipt sköpum. Með honum hefði byggst upp mikil fagleg þekking á rekstr-inum auk þess sem skólinn hefði tryggt tiltekna samræmingu meðal starfsmanna.

„Við metum Starfsmenntaverðlaunin mikils og þau verða okkur hvatning til að gera enn betur á komandi árum. Við þökkum öllum sem komið hafa að rekstri Stóriðjuskólans fyrir samstarfið og óskum þeim til hamingju með árangurinn,“ sagði Rannveig.

Ingi Bogi Bogason

7. rannsóknáætlun ESB hefst um áramótin

Sjöunda rannsóknáætlun Evrópusambandsins hefur göngu sína um næstu áramót og stendur allt til ársins 2013. Áætlunin skiptist í fjórar meginstoðir, samvinnu (coopera-tion), hugmyndir (ideas), sem er nýr vettvangur fyrir grunnrannsóknir, mannauð (people) og hæfni (capaci-ties). Hefðbundin rannsóknaverkefni, eins og þau sem hafa tekið þátt í hingað til, falla innan samvinnuáætl-unarinnar en hún skiptist í sjö undir-áætlanir eftir greinum. Þær eru þessar:

- Heilsa (Health)
- Matvæli, landbúnaður og líftækni (Food, agriculture and biotechnology)
- Upplýsinga- og samskiptatækni (Information and communication technologies)
- Nanótækni (Nanosciences, nanotechnologies, materials and new production technologies)
- Orka (Energy)
- Umhverfi (Environment (including climate change))
- Samgöngur (Transport (including aeronautics))

Vinnulýsingar fyrsta árs í einstökum undiráætlunum eru nú óðum að líta dagsins ljós en fyrstu köll eftir um-sóknum verða auglýst í janúar 2007. Væntanlegir umsækjendur eru hvattir til að fylgjast vel með á vef Rannís, www.rannis.is og á vef Evrópusam-bandsins, <http://cordis.europa.eu>.

RANNÍS stendur fyrir formlegri kynningu á áætluninni á Hótel Nordica 26. janúar næstkomandi. Þar segja íslenskir og erlendir sérfræðingar frá áætluninni og árangri okkar Íslendinga í sjöttu rannsóknáætluninni sem nú er að ljúka.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Vilt þú
auka framleiðni
og bæta afkomu
fyrirtækisins?



Áfangaskipt gæðavottun SI

SI

Samtök iðnaðarins

**Nýir
félagsmenn**

**Henson hf.
Brautarholti 24
105 Reykjavík
Þjónustuiðnaður**

**Launafli ehf.
Lyngási 12
700 Egilsstöðum
Þjónustuiðnaður**

**Aflbinding ehf.
Viðarrima 25
112 Reykjavík
Mannvirkjagerð og
verktakastarfsemi**

Megum ekki festast í gettói hugarfarsins

sagði Valgerður Sverrisdóttir í ávarpi sínu

Alpjódámálastofnun Háskóla Íslands stóð fyrir ráðstefnu um Nýja stöðu Íslands í utanríkismálum og tengsl við önnur Evrópulönd hinn 24. nóvember. Meðal ræðumanna voru Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, sem setti ráðstefnuna, Einar Benediktsson, fyrrv. sendiherra, Gylfi Zoega, prófessor og Tryggvi Herbertsson, forstöðumaður hagfræðistofnunar HÍ.



Vönduð umræða mikilvæg

Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, setti ráðstefnuna og flutti stutt erindi. Hún lagði áherslu á mikilvægi vandaðrar og

fordómalausar umræðu um þetta mikilvæga málefni og ábyrgð og hlutverk stjórnmalámana í því sambandi en ekki síst háskólasamfélagsins og sagði í því samhengi:

„Háskólasamfélagið veitir okkur bæði aðhald og stuðning til þessa. Það er mikilvægt að báðir þessir hópar fari vel með það kennivald sem þeir hafa og stuðli að upplýstri og yfirvegaðri umræðu um mikilsverð samfélagsleg málefni, en láti kreddur og utanaðkomandi þrýsting lönd og leið.“

Mikil þátttaka Íslendinga

Frumkvæði Alpjódámálastofnunar að því að nálgast Evrópuumræðuna út frá mörgum sjónarhornum, ekki út frá einstökum fræðigreinum - heldur flóru þeirra; og ekki út frá hagsmunum einstakra atvinnugreina eða þjóðfélagshópa - heldur út frá heildarhagsmunum þjóðarinnar væri því sérlega ánægjulegt.

Ráðherra gerði að umtalsefni að Ísland tæki þegar mikinn þátt í Evrópusamrunanum með EES-samningnum og tæki t.d. að fullu þátt í Schengen-samstarfinu en þar gangi Ísland lengra í ESB samstarfinu en önnur ríki sem þó eru fullgildir aðilar að sambandinu.

„Ég tel að það sé afar mikilvægt að við áttum okkur á því að Ísland hefur tekið stór skref í Evrópusamrunanum - skref sem hafa haft mikil og margvísleg áhrif á íslenskt samfélag. Kjósi Ísland í framtíðinni að gerast aðili að Evrópusambandinu tel ég að slíkt skref, án þess að gera lítið



Ráðstefna Alpjódámálastofnunar HÍ.

Ný staða Íslands í utanríkismálum: Tengsl við önnur Evrópulönd



Alpjódámálastofnun
Háskóla Íslands

úr því, hafi minni áhrif á daglegt líf Íslendinga en stökkið sem tekið var við aðildina að EES, jafnvel þótt hin lögformlega breyting yrði vafalaust meiri.“

Breytt orðræða

Mikilvæg hugarfarsbreyting hefur orðið á liðnum árum. Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum, ekki síst fyrir tilstuðlan EES-samningsins. Íslenskt atvinnulíf er miklu öflugra og fjölbreyttara en áður og Íslendingar sjálfstæðari. Allt leiðir þetta til þess að orðræðan um Evrópumálin er að breytast. Sleggjudómur eru fátíðari og hnútukastið hefur minnkað. Öttinn er á undanhaldi og trúin á að Íslandi eigi erindi og geti staðið sig í alþjóðasamstarfi fer ört vaxandi.

Hagsmunir atvinnulífsins eru að breytast og stöðugleiki verður því æ mikilvægari.

„Og auðvitað hljóta spurningar að vakna þegar hver áhrifamaðurinn af öðrum í viðskiptalífinu lýsir áhyggjum af sveiflum íslensku krónunnar og þau neikvæðu áhrif sem þeim fylgja.“

Í lok ræðu sinnar varaði ráðherra við því að Íslendingar létu festast í gettói hugarfarsins. Ekki megi láta heimatilbúna aðildarskilmála ráða ferðinni og að minni máttarkennd sé ekki okkar háttur.

Við eigum að taka virkari þátt í Evrópusamvinnunni og hafa meira um örlög okkar að segja. Við höfum margt fram að færa og Evrópa getur lært af okkur á ýmsum sviðum. Við höfum byggt upp eitt sterkasta lífeyrissjóðakerfi álfunnar á örfáum áratugum, göngum vel um auð-

lindir og nytjastofna hafsins og erum til fyrirmyndar í umhverfismálum, svo nokkur dæmi séu tekin. Við eigum að koma íslenska módelinu á framfæri og hafa þannig áhrif á mótun álfunnar sem við búum í.



EES-samningurinn er merkasti áfangi Evrópuferils okkar

Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra, rakti í erindi sínu vegferð okkar

Íslendinga í samskiptum okkar við önnur Evrópulönd á viðskiptasviðinu allar götur frá sjötta áratug síðustu aldar. Erindi hans var yfirgripsmikið yfirlit síðustu áratuga þar sem hlutir eru settir í samhengi og ályktanir dregnar. Óhætt er að fullyrða að Einar hefur einna víðtækasta reynslu af þessu sviði núlifandi Íslendinga og því fróðlegt að heyra viðhorf hans.

EES samningur merkur áfangi

Af máli Einars ráða að utanaðkomandi ástæður hafi oftast en ekki ráðið mestu um hvaða skref Íslendingar hafa stigið í tengslum sínum við önnur Evrópuríki frekar en ígrunduð og markviss stefna. Íslendingar hafi kunnað að grípa tækifærið en jafnframt að stuðningur annara Norðurlanda hafi oftast en ekki reynst okkur heilladrjúgur.

Einar velkist ekki í vafa um gildi EES-samningsins:

„EES-samningurinn er merkasti áfangi Evrópuferils okkar. Hann var að eðli sínu og umfangi gjörólíkur öllu sem við höfðum áður fengist við frá stofnun lýðveldisins. Um var að ræða að innleiða í löggjöf okkar alla gjörninga Evrópusambandsins sem lúta að frjálsum innri markaði þess, þ.e. þau lög og reglugerðir sem tryggja frjáls viðskipti, frjálsa fjármagnsflutninga og þjónustustarfsemi sem og frjálsa för fólks á EES-svæðinu. Það hlaut að liggja í eðli málisins að með þátttöku í þessum sameiginlega lagagrundvelli yrðu miklar breytingar í okkar einangraða þjóðarþúska.“

Full aðild næsta skref

Þegar Einar horfir til framtíðar leggur hann mikla áherslu á gildi þess að öll skref okkar hafi byggst á því að efna-



hagslegar forsendur hafi verið hagstæðar og svo verði einnig að vera vilji menn huga að aðild Íslands að ESB, sem sé rökrétt framhald af EES-samningnum. Hann sé nánast söguleg tímaskekkja með sínum þrem aðildarríkjum en það var ekki sú niðurstaða sem EFTA ríkin höfðu í huga í upphafi samningaferilsins.

Einar segir m.a.: „Ég gef mér það að ef lengra skal haldið yrði það að vera með fullri aðild okkar að Evrópusambandinu. Samstarf Evrópusambandsins felur það í sér að þjóðríkin tryggja sjálfsforræði með því að sameina stöðuna í efnahagslegu tilliti. Aðilar hverfa ekki frá sjálfsforræði heldur setja efnahagslegan rekstur sinn í vörslu sameiginlegra stofnana og sama lagagrunns með því sem kallað er "pooling of sovereignty.""

Þrjár meginforsendur þurfa að vera fyrir hendi að mati Einars til þess að vel takist til. Í fyrsta lagi að stjórn efnahagsmála sé traust, jafnvægi ríki og samkeppisstaða atvinnulífsins sé góð. Í öðru lagi að halda fast í þá stefnu að halda hópinn þétt með öðrum Norðurlöndum en sú samvinna hafi haft og muni hafa afgerandi þýðingu fyrir okkur í þessum efnunum. Í þriðja og síðasta lagi að stjórn-sýslan á þessu sviði sé skipuð hæfu fólki á þessu sviði. Þar segir Einar ekkert að óttast.

Hætta fólgin í að vera utan ESA

„Á liðnum áratugum hefur okkar fólk gegnt ábyrgðarstöðum í EFTA, OECD, í Norðurlandasamstarfi og í starfi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar en ekki hvað síst í fastanefndunum í Brussel og Genf. Við búum við góðan árangur í slíku starfsmannahaldi og getum að mínu mati axlað fulla ábyrgð í samvinnu Evrópuþjóða. Íslendingar hafa þá stöðu að geta ekki síður en td. Lúxembúrg eða Malta staðið

á öllu því sem aðild að ESB útheimtir. Þar ræður líka miklu stuðningurinn af samvinnu Norðurlanda.“

Sendiherrann fyrrverandi sagði loks: „Það er mín skoðun að okkur búi frekar hætta en þjóðernislegur ávinningur af því að halda okkur utan við fulla þátttöku í Evrópusamstarfinu. Þjóðríkin gera gott betur en að halda velli og þjóðtungur og menning allra aðildarríkja eru virtar og jafn réttháar. ... Fullgildur aðili í samstarfi Evrópuþjóða er sú staða sem okkur hæfir í því samfélagi sem við tilheyrum svo réttilega. Að sjálfsögðu verður aðild að Evrópusambandinu ekki metin fyrr en fyrir liggja niðurstöður samninga um aðild og á það verða þing og þjóð að leggja sinn dóm.“

Sterk efnahagsleg rök hníga að upptöku evru

Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði, sagði á ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands að nú væri fyllsta ástæða til að taka til endurskoðunar þau sjónarmið sem réðu vali á gengisfyrirkomulagi í hinu einhæfa hagkerfi 20. aldarinnar. Gengisstefna á hverjum tíma taki mið af því efnahagslega umhverfisem við búum við. Frá því að EES samningurinn tók gildi árið 1994 hafi íslenskt efnahagslíf tekið stórkostlegum breytingum. Frjálsir fjármagnsflutningar, afnám viðskiptahindrana og frjáls för starfsfólks milli landa hafi breytt gerð efnahagslífsins. „Mestan hluta síðustu aldar mótaði mikilvægi sjávarútvegs ákvarðanir um peninga- og gengismál. Gengisfellingum var beitt til að bregðast við viðskiptahalla, aflabresti eða verðfalli sjávarafurða. Gerð kjarasamninga tók mið af þessu og fyrir vikið var verðbólga hér viðvarandi.“ Í erindi sínu benti Gylfi

á að núverandi fyrirkomulag gengismála sé afsprengi þess hagkerfis sem þróaðist á 20. öldinni. Hins vegar hafi þetta fyrirkomulag verulega ókosti í för með sér. Í fyrsta lagi hafi peningamálastefnan ekki ráðið við vaxandi eftirspurn. Hækkun vaxta hafi einkum haft áhrif á gengi krónunnar og viðskiptahalla sem síðan eykur hættu á fjármálaalegum óstöðugleika. Í öðru lagi benti Gylfi á að gengi krónunnar sé afar viðkvæmt fyrir nýjum upplýsingum og að tilvist sjálfstæðs gjaldmiðils í svo litlu hagkerfi sem okkar feli í sér viðskiptahindrun.

Breyttar forsendur

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar og verðandi bankastjóri, rakti í erindi sínu sögulegar ástæður þess að heppilegra hefði verið fyrir Ísland að hafa sjálfstæða mynt. Ástæðan væri einkum fólgin í því að hagsveiflur á Íslandi hefðu verið ósamhverfar hagsveiflum í helstu viðskiptalöndum okkar, laun hefðu ekki verið nægjanlega sveigjanleg og vinnuafli hefði ekki flust óhindrað milli svæða eftir efnahagslegum aðstæðum á hverjum stað. Tryggvi benti á að aðstæður breyttust ört hér á landi. Því nánar sem við tengjumst hagkerfum annarra landa því líkari verði hagsveiflan hér á landi því sem gengur og gerist annars staðar. Mikill innflutningur á vinnuafli til landsins sé ennfremur gott dæmi um nauðsynlegan sveigjanleika til að geta verið í myntbandalagi. Niðurstaða Tryggva var sú að það kunni að vera heppilegra fyrir okkur að taka upp evru í ljósi breyttra aðstæðna. Frumforsenda þess að það sé hægt sé hins vegar frekari framfarir í hagstjórn, einkum í beitingu ríkisfjármála.

Bjarni Már Gylfason og
Jón Steindór Valdimarsson tóku saman.



Málefnaleg og yfirveguð umræða mikilvæg

Opinn framhaldsfundur Samtaka iðnaðarins um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda var haldinn 21. nóvember á Grand Hótel. Yfirskrift fundarins var: Er Sátt í sjónmáli? Fundurinn var haldinn í ljósi skýrslu auðlindanefndar „Framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls en skýrslan var kynnt í október.

Framsögumenn voru Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra, Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands og Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður BM Vallár efh. Pallborðsumræðum stjórnari Sveinn Hannesson, formaður SI.



Málefnaleg og yfirveguð umræða mikilvæg

Helgi Magnússon, formaður SI setti fundinn og sagði skýrslu auðlindanefndar vera þess eðlis að SI teldu fulla ástæðu til að halda áfram þeirri umræðu sem hófst á vegum SI í síðasta mánuði. „Við teljum afskaplega brýnt að fram fari málefnaleg og yfirveguð umræða um þetta ekki síst með það að leiðarljósi hvort unnt sé að ná sáttum í um stefnu í þessum málum.“

Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra

Jónína sagði m.a. að landið væri stöðugt í mótun sem væri sums staðar svo hröð að kynslóðirnar sjái miklar breytingar á umhverfinu á lífsferli sínu. Því væri ekkert sem héti stöðugt ástand náttúru og umhverfis. Spurningin væri hve mikil inngríp við gætum sætt okkur við. Náttúruvernd teldi efnahagslegar forsendur



mikilvægar en ekki síður siðferðislegar og menningarlegar.

Neti verndarsvæða komið á fót

Jónína sagði að verndun landslags væri skemmra á veg komin en önnur friðun hér á landi en nú væri unnið að því að koma á skipulegu neti verndarsvæða. Verndun landslags og landslagsforma væri afar mikilvæg, ekki síst vegna þess að landslag og jarðmyndanir væru eitt helsta tákni Íslands og þess vegna sæktu margir ferðamenn landið heim. Í strangasta skilningi væri þó ekkert það svæði til hér á landi sem kallast mætti ósnortið. Áhrifa mannsins hefði gætti langt inn á hálendið á fyrstu löndum Íslandsbyggðar.



Vatnajökulssvæðið stærsti þjóðgarður í Evrópu

Enn hefði ekkert svæði verið friðlýst sem víðerni en með Vatnajökulspjóðgarði yrði þar ápreiðanleg breyting á þar sem undirbúningur garðsins væri langt kominn. Hann yrði stærsti þjóðgarður í Evrópu og myndi hafa mikla sérstöðu í náttúrufarslegu tilliti í heiminum og auka gjaldyrstekjur þjóðarinnar um 3-4 milljarða á ári að uppbyggingu lokinni en talið er að hún taki 5 ár.

Hatröm átök milli verndunar og orkunýtingar

Jónína sagði átök milli verndunar og orkunýtingar og þá einkum vatnsafls hafa verið nokkuð hatrömm. Ekki hefði þó í nánda nærri sama mæli borið á átökum vegna annarrar nýtingar náttúrugæða og verndunarsjónarmiða, s.s í vegagerð, fiskveiðum, skógrækt og beitarnotkun. Með lögnum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, sem tóku gildi 1994, hefði verið stigið afar stórt skref í þá átt að horfa til sjónarmiða umhverfis og náttúru við útfærslu framkvæmda sem hefðu umtalsverð áhrif á umhverfið og það væri ekki svo lítil ávinningur þegar horft væri um öxl.

Það er stóriðjan sem þessi mikla andstaða er um

Virkjanakostum raðað í 5 flokka

Jónína sagði að nú væri unnið að öðrum áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í fyrsta áfanga væri virkjanakostum raðað niður í 5 flokka eftir hagkvæmni, arðsemi og mikilvægi fyrir umhverfi og náttúruvernd og mörg vinnslusvæði féllu nokkuð vel að umhverfinu. Færð hefðu verið rök fyrir því að flestar ef ekki allar vatnsaflsvirkjanir, sem ráðist hefði verið í, væru afturkræfar ef mönnum sýndist svo en auðvitað kæmi fram breytt landslag undan miðlunarlönum. Virkjun jarðhita hefði meira rask á yfirborði í för með sér en hana hefði grunað og fara yrði um viðkvæm háhitasvæði með gát.

Stjórnmalamanna að sætta ólík sjónarmið

Í lok ræðu sinnar sagði Jónína: „Á orkusviðinu rétt eins og þegar kemur að stórkostlegri náttúru landsins eigum við mikla möguleika. Við eigum að vera í fararbroddi en til þess að svo megi verða verðum við öll að vera samstiga. Það er verkefni okkar stjórnmalamanna að byggja brýr milli ólíkra hagsmuna og skoðana. Aðeins með því verklagi er hægt að segja að sátt sé í sjónmáli.“



Engin sátt í sjónmáli

Árni Finnsson sagðist ekki vita hvort sátt næðist á grundvelli skýrslunnar en vonandi næðist sátt um aðferð eða sambúð. Rammaáætlun hefði verið önnur leið til að ná sáttum en í ljós hefði komið að niðurstöður hennar hefðu ekkert lagagild. Formleg staða hennar væri engin sem hann teldi mjög slæmt. „Þá er náttúrulega engin sátt í sjónmáli,“ sagði Árni.

Spurning um að skipta góssinu

Árni gagnrýndi einnig skipun auðlindanefndar sem var skipuð fimm fulltrúum stjórnvalda og þriggja orkufyrirtækja en hvorki fulltrúi hverfisráðuneytis né náttúruverndarsamtaka. Spurningin hefði



líklega snúist um hvernig ætti að skipta góssinu milli fyrirtækjanna þriggja sem þar áttu fulltrúa. „Maður verður að spyrja sig hvort sátt hafi verið í sigtinu, hvort menn hafi verið að stefna að sátt með þessari skipan mála. Ég leyfi mér að efast um það,“ sagði Árni.

Er friðað svæði einskis nýtt?

Hvar er umhverfisráðuneytið

Niðurstaða nefndarinnar væri í stuttu máli sú að Alþingi samþykki ekki síðar en 2010 þingsályktun um verndar- og nýtingaráætlun um náttúruauðlindir verði unnin í samráði helstu hagsmunaaðila og nokkurra ráðuneyta. Lagt væri til að iðnaðarráðaherra skipi starfshópin en fulltrúi forsætisráðherra verði formaður nefndarinnar. Árni spurði hvar umhverfisráðuneytið væri. Það færi þrátt fyrir allt með vernd náttúru Íslands. Það hlyti að gegna einhvers konar forystuhlutverki í að móta stefnu um verndun og nýtingu náttúrunnar. Þá taldi Árni að það væri gott fyrir kjósendur að fá að vita hvað ætti að vernda og hvað ætti að nýta.


Hver er stefna stjórnvalda?

Árni sagðist hafa lagt til að lánsfé til virkjana yrði ekki með ríkisábyrgð heldur verkefnafjármagnað. Álfyrirtækin mættu heldur ekki fá styrk til að byggja álver úti á landsbyggðinni. „Ef eitthvert eitt fyrirtæki á að fá ríkisábyrgð af hverju ekki öll? Af hverju bara stóriðjan? „Allir hefðu sömu forsendur. Þá yrði landnýtingarstefna að vera fyrir hendi og verðmæti lands, sem orkufyrirtækin vilja leggja undir starfsemi sína, verði metið í samræmi við bestu aðferðir sem tiltækar eru. „Allir kostir þurfa að vera uppi á borðinu - líka verndun.“ Árni sagði einnig að ný

stóriðja ætti að greiða mengunarkvóta og borga fyrir að fá að menga eins og annar iðnaður. Ennfremur ætti að leggja gjald á eldri stóriðju fyrirtæki. „Ef menn spyrja um sátt þá verða þeir að spyrja hver sé stefna stjórnvalda?“

Framkvæmdir verði stöðvaðar í 5-10 ár

Árni taldi að gera yrði kröfu um 5 til 10 ára stöðvun allra virkjunarframkvæmda og það ætti ekki að bíða í fjögur ár. „Menn eiga bara að stoppa. Gera verður vandaða náttúruverndar- og nýtingaráætlun sem byggist á náttúruvernd og gegnsæi við undirbúning ákvarðanatöku.“



Breið sátt nauðsynleg

Víglundur Þorsteinsson sagði að eðli málsins samkvæmt yrðu þessi mál síbreytileg og í samfelldri þróun þarfinnar breyttust hratt og það vildi oft gleymast í þessari umræðu að hver kynslóð Íslendinga bæri ábyrgð á gæslu auðlindanna á hverjum tíma. Hann sagði nauðsynlegt að breið sátt náist um skynsamlega nýtingu og verndun náttúruauðlinda héraðs og hana væri m.a. að finna á grundvelli núgildandi löggjafar.

Nýting orkulinda spennandi tækifæri

Víglundur sagði tillögu auðlindanefndar fela í sér lagtímastefnumótun um vernd-

Frh. af bls 9

Málefnaleg og yfirveguð umræða mikilvæg

un og nýtingu á tilteknum svæðum eða auðlindum en hún gæti ekki orðið að sáttargjörð því að sér sýndist að verið væri að hneppa auðlindanýtingu okkar Íslendinga í pólitíska fjöttra sem gætu veikt alþjóðlega samkeppnisstöðu okkar og rýrt lífskjör til lengri tíma liðið. Ekki væri gerð tilraun til að líta fram á veginn og greina væntanlegar þarfir okkar í ljósi yfirvofandi breytinga í heiminum á sviði orkumála og vegna loftslagsbreytinga á komandi árum og áratugum. „Nýting íslenskra orkulinda er ekki ógn heldur spennandi tækifæri,“ sagði Víglundur.

Íslenska framtíðarbyltingin mun springa út frá rannsóknum á sviði orkumála

Grunnur verði lagður að sátt með víðtækum rannsóknum

„Nú þarf að brjóta í blað,“ í blað sagði Víglundur. Meðal annars þyrfti að hefja stórfellt rannsóknastarf til að finna bestu leiðirnar að því marki og íslenskt atvinnulíf þyrfti að hefja undirbúning og aðlögun að nýjum aðstæðum. Leggja yrði grunn að sátt til framtíðar með hugmynd sem byggðist á víðtækri rannsókn- og þróunarvinnu. Hlutverk stjórnmalamanna væri að leggja til fé til að hefja þá vinnu strax og árleg framlög þyrftu að nema nokkrum milljörðum króna á ári fyrst um sinn.

Íslenski auðlindasjóðurinn ohf.

Í lok ræðu sinnar varpaði Víglundur fram hugmynd sem hann sagði aðeins vera eina af mörgum. Hún væri sú að allar sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar yrðu lagðar í félag sem gæti borðið nafnið Íslenski auðlindasjóðurinn ohf. Til hans rynnu allar sameiginlegar náttúruauðlindir þjóðarinnar og landsvirkjun að auki. Hluthafar sjóðsins á hverjum tíma yrðu allri íslenskir ríkisborgarar búsettir á Íslandi. Hlutur hvers yrði bundinn við hans persónu og væri óframseljanlegur og gengi ekki í erfðir. Lögbundið yrði að sjóðurinn greiddi hluthöfum sínum árlegan arð sem næmi 30 – 35% af hagnaði sínum eftir skatt. Meginávinningurinn yrði að færa þessi mál nær þjóðinni sjálfri og heim í hérað um leið og hún yrði beintengd auðlindarentunni í framtíðinni í gegnum árlegan arð.

Fyrirsögn og millifyrirsagnir eru blaðsins. Þóra Kristín Jónsdóttir tók saman. Óstytt útgáfa á www.si.is.

Íslensk hönnun

og framleiðsla er góð gjöf

Löggilt menntun meistara í iðngreinum tryggir viðskiptavinum faglega þjónustu og lausnir að þörfum hvers og eins. Íslensk hönnun og framleiðsla er góð gjöf. MUNIÐ GJAFAKORTIN

Samtök iðnaðarins hvetja landsmenn að skipta aðeins við fagfólk með tilskilinn réttindi og það er að finna á Meistarinn.is



snyrting



portrett



klæðskurður



bitt val skiptir mi



skartgripir



TÍSKU TÆMI SI

meistarinn.is

www.meistarinn.is

Velheppnuð ráðstefna XPLOR á Íslandi



Bræðurnir Sveinbjörn (Umslagi) og Ingvar (Morgunblaðinu) Hjálmarssynir fylgjast áhugasamir með kynningunum

Samtökin XPLOR á Íslandi héldu nýlega haustráðstefnu sína en þau hafa haldið ráðstefnur hér á landi haust og vor um langt árabil eða allt frá árinu 1998. Xplor eru samtök fyrirtækja sem vinna að aukinni stafrænni vinnslu gagna og prentun skjala. Samtökin standa reglulega fyrir sýninga- og ráðstefnuhaldi þar sem allt það nýjasta í þeim greinum er kynnt og lagður er grunnur að vettvangi fyrir fagfólk á sviði prentiðnaðar til að kynnast þeim sem starfa að sömu málum í öðrum löndum.

Ráðstefnan, sem bar yfirskriftina „Með alla miðla á einni hendi“ (Cross-media to go!), var vel sótt og sama má segja um námskeið sem XPLOR stóð að ásamt

Prenttæknisviði IÐUNNAR (áður Prenttæknistofnun) þar sem Ben Willmore Adobe sérfræðingur og grafískur hönnuður ræddi leyndardóma ljósmyndaforritsins PhotoShop. Ben hélt einnig stutta tölu á ráðstefnunni en aðalfyrirlesarar þar voru þeir Scott Kelly, framkvæmdastjóri Lynx í Bandaríkjunum, sem fjallaði um það hvort PDF væri besta sniðið til að koma gögnum milli miðla og Jón Rúnar Guðjónsson, deildarstjóri Adtomic í Danmörku en hann fjallaði um hönnun fyrir mismunandi miðla. Í lokin stýrði Dagur Gunnarsson, ljósmyndari og ferðabókahöfundur, gagnvirkri og skemmtilegri kynningu á Andalúsíu og Spánarvínnum.

Haraldur Dean Nelson



Frá aðalfundi Iðnskólafélagsins

Aðalfundurinn var haldinn 27. nóvember síðastliðinn. Iðnskólafélagið er hollvinafélag Iðnskólans í Reykjavík. Stofnendur félagsins eru 11 meistara- og sveinafélög í iðnaði auk Iðnaðarmannefélagsins í Reykjavík og Iðnskólans í Reykjavík.

Ásgrímur Jónasson, formaður Iðnskólafélagsins, gerði grein fyrir störfum stjórnar sl. starfsár. Hann rifjaði upp fjölda verkefna sem félagið hefur unnið að þau fimm ár sem það hefur starfað. Meðal þeirra eru málþing um iðnmenntun, fundur um starfsþjálfun og vinnustaðakennslu, kynningarefni um iðnnám til grunnskólanema og styrkur til endurmenntunar kennara við Iðnskólann í Reykjavík.

Á fundinum flutti Arney Einarsdóttir helstu niðurstöður könnunar sem Iðnskólafélagið lét gera á viðhorfi ungs fólks til iðn- og starfsmenntunar.

Baldur Gíslason kynnti tillögur starfsnámsnefndar um nýjan framhaldsskóla og Elísabet Ingvarsdóttir, kennari við IR, flutti kynningu á námi sínu í Englandi en Iðnskólafélagið styrkti hana í náminu.

Ársreikningar voru lagðir fram og samþykktir.

Ingi Bogi Bogason

Góð reynsla af AVS rannsóknasjóði



Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra og Friðrik Friðriksson, stjórnarformaður AVS að loknum blaðamannafundi í húsnæði Marorku.

AVS – rannsóknasjóður í sjávarútvegi er nú að ljúka fjórða starfsári sínu. AVS stendur fyrir „Aukið virði sjávarfangs“ og sjóðurinn veitir styrki til rannsókn- og þróunarverkefna sem miða að því að auka verðmæti sjávarfangs. Fjórir faghópar meta umsóknir á sviðum líftækni, vinnslu- og gæða, fiskeldis og markaðsmála. Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, kynnti ársyfirlit sjóðsins fyrir þetta ár á blaðamannafundi í húsnæði Marorku nú í nóvember.

Þar kom fram að sjóðnum bárust 128 umsóknir um styrki á árinu en það er ívið meira en undanfarin ár. Alls voru veittir 65 styrkir, samtals um 230 milljónir króna. Aðild að þeim verkefnum eiga 120 manns frá um 80 fyrirtækjum, stofnunum og háskólum. AVS og Tækniþróunarsjóður fjármagna nokkur stór verkefni sameiginlega og samstarf sjóðanna heldur áfram á næsta ári.

Sjóðurinn er kærkomin viðbót við aðra fjármögnunarkosti rannsóknaverkefna og fjölmörg fyrirtæki hafa fengið styrki til þróunar- og markaðsmála í verkefni sem

tengjast sjávarútvegi á ólíkan hátt. Mörg verkefni hafa skilað áhugaverðum niðurstöðum og hægt er að nálgast skýrslur og greinar á vefsetri sjóðsins. Samstarf hefur verið milli SI og AVS um verkefnastjórn líftækniþóps og meðal annars er unnið að verkefni um stöðu og tækifæri íslenskra líftækniyfirtækja.

Umsóknir skulu berast fyrir 1. febrúar 2007

AVS rannsóknarsjóður auglýsir nú eftir umsóknum fyrir næsta ár. Um verður að ræða fjóra mismunandi flokka umsókna; þorskvóta til áframeldis, almenn rannsókn- og þróunarverkefni, markaðsátak til sölu bleikjuafurða og líftækninet í auðlindanýtingu. Frestur til að sækja um þorskvótann er til 22. janúar nk. en umsóknir í hina þrjá flokkana þurfa að berast í síðasta lagi 1. febrúar nk. Á vefsetri sjóðsins eru nánari upplýsingar og einnig nýjar leiðbeiningar um umsóknir, frágang skýrslna og annað sem máli skiptir. Sjá nánar á vefsetrinu www.avs.is.

Bryndís Skúladóttir



IÐAN ✨
fræðslusetur

**Iðan fræðslusetur óskar viðskiptavinum sínum nær
og fjær gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Með þökk fyrir það liðna.**



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
12. tbl. 12. árg. Desember 2006
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðu: 13.12.2006
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101- Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.-



Áskorun og stefna Samtaka iðnaðarins

Það er í senn skynsamlegt og nauðsynlegt að:

Móta **skýra stefnu og setja markmið** um uppbyggingu hátækni iðnaðar

Taka upp **endurgreiðsluferfi** vegna rannsókn- og þróunarverkefna

Afnema **samkeppnisforskot** sem virðisaukaskattur skapar stofnunum

Auka útvistun verkefna og **hætta samkeppni hins opinbera** við einkaaðila

Setja nauðsynlegan **lagaramma** um framtaksfjárfestingar

Virðisaukaskattur verði **frádráttarbær** á uppbyggingartíma

Gera **Nýsköpunarsjóð öflugan og sjálfstæðan**

Efla Tækniþróunarsjóð með auknu fé

Stórefla sókn í **verk-, tækni- og raungreinamenntun**

Eitt ráðuneyti sjái um málefni **atvinnuveganna**

Sameina rannsóknastofnanir atvinnuveganna í öfluga rannsóknamiðstöð

Straumlínulaga stoðkerfi atvinnulífsins og setja því markmið

Koma á stöðugleika með því að **draga úr gengissveiflum**

Efnahagsstjórnin leiði ekki til vaxtastigs sem er miklu hærra en ella

Sjá nánar á
www.si.is



Áskorun og stefnu SI
er hægt að nálgast á
vefsetri Samtakanna;
www.si.is